



Reykjavík, 15. desember 2025
VEL25100045

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um þjónustu við börn með sykursýki

Þann 15. október 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig er þjónusta við börn með sykursýki háttað í Reykjavíkurborg? Hvaða úrræði standa til boða og er tryggt að sú þjónusta sé eins á milli miðstöðva?

Fyrirspurninni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Ung börn með sykursýki þurfa sérstakan stuðning við það að sækja leik- og grunnskóla, íþróttir og tómstundir vegna hugsanlegs sykurfalls. Borist hafa ábendingar um að þjónustan við sykursjúk börn sé ólík eftir hverfum borgarinnar.

Svar:

Stuðningur við börn og fjölskyldur byggir á reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 13. febrúar 2020. Í reglunum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII og VIII kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, 8. gr. sem og IV. kafla laga nr. 30/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og barnaverndarlög nr. 80/2002, sbr. 1. gr. fyrrgreindra reglna.

Þjónusta sveitarfélaga við börn með sykursýki og fjölskyldur þeirra afmarkast því almennt við þjónustu á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og á grundvelli laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Í framangreindum reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sú þjónusta sem stendur sykursjúkum börnum og foreldrum þeirra til boða er fyrst og fremst í formi einstaklingsstarfs fyrir 6-18 ára börn, sbr. d-lið 3. mgr. 3. gr. framangreindra reglna. Þar kemur fram að markmið með einstaklingsstarfi sé að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til aukinnar sjálfshjálpar.

Jafnframt stendur börnum í grunnskólum Reykjavíkur almennt til boða að fá stuðning bæði á skólatíma og í frístundastarfi að skólatíma loknum og er þar um að ræða starfsmann skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem veitir þann stuðning til barns, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla. Nauðsynlegt er að geta þess að þarfir sykursjúkra barna eru einstaklingsbundnar og ólíkar aðstæður á milli skóla en leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins barns er glímir við sjúkdóminn í nánu samstarfi við það og foreldra eða forsjáraðila þess.



Reykjavík



Óski foreldri barns með sykursýki eftir ráðgjöf og stuðningi frá velferðarsviði Reykjavíkurborg vegna barnsins skal panta viðtal við ráðgjafa á miðstöð á vegum Reykjavíkurborgar, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Leiði viðtal viðkomandi við ráðgjafa í ljós að mögulega sé þörf á stuðningi til barnsins eða fjölskyldu þess samkvæmt reglunum skal umsækjandi undirrita umsókn þar sem sótt er um stuðning. Í kjölfar þess er lagt mat á stuðningsþörf viðkomandi en matið er framkvæmt af félagsráðgjöfum og öðrum sérfræðingum á sérstökum fagfundum á grundvelli matsviðmiða. Um framkvæmd mats er nánar fjallað í 6. gr. reglnanna og kemur þar meðal annars fram til hvaða atriða skuli líta við mat á stuðningsþörf. Sé barn eða fjölskylda metin í þörf fyrir stuðning skal stuðningurinn nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og gerð stuðningsáætlun sbr. 7. gr. reglnanna. Ef niðurstaða mats er sú að ekki sé þörf á stuðningi er umsókn synjað.

Það er því háð mati hverju sinni hvort að barn og/eða fjölskylda þess eigi rétt á stuðningi samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Varðandi stuðning í formi einstaklingsstarfs er sérstaklega horft til nærumhverfis barns og þeirra úrræða sem mögulega standa barninu til boða og hægt væri að nýta áður en stuðningur sveitarfélags er veittur, t.d. eins og skipulagt tómstunda- og frístundastarf. Þannig er almennt ekki heimilt að samþykkja stuðning í formi einstaklingsstuðnings fyrr en þau úrræði sem eru í boði í nærumhverfi barns hafi verið reynd eða ef það liggur fyrir, samkvæmt mati ráðgjafa, að barn geti ekki nýtt þau úrræði. Þegar ákveðið er að veita stuðning í formi einstaklingsstarfs er þjónustan útfærð í samvinnu við foreldra viðkomandi barns en þjónustan getur farið fram innan sem utan heimilis. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar fer því fram faglegt og einstaklingsbundið mat á stuðningsþörf hvers og eins barns með sykursýki sem tekur mið af þörfum þess og hvernar fjölskyldu fyrir sig. Þannig eru heildaraðstæður metnar og stuðningsúrræði og þjónusta við barn og fjölskyldur valin út frá aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig.

Af hálfu velferðarsviðs er lögð rík áhersla á að jafnræðis sé ávallt gætt í afgreiðslu mála á miðstöðvum og að íbúar fái sambærilega þjónustu óháð búsetu. Öll mál fara fyrir fagfund á miðstöðvum þar sem allar ákvarðanir er varða þjónustu eru teknar. Með framangreindu fyrirkomulagi er leitast við að fá heildaryfirsýn yfir þau mál sem eru til vinnslu hverju sinni og gæta þess að mat á aðstæðum sé samræmt og jafnræði umsækjenda sé virt.

Í þeim tilvikum þegar foreldrar sykursjúkra barna hafa sótt um þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þar sem eingöngu er um að ræða stuðningsþarfir vegna sykursýki, hefur slíkum beiðnum verið hafnað. Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur staðfest synjun miðstöðvar Reykjavíkurborgar, en í niðurstöðu úrskurðar nr. 399/2018 segir m.a. „Líkt og að framan greinir er ákvæði um stuðningsfjölskyldur að finna í 15. gr. laga nr. 38/2018 og er þar um að ræða þjónustu fyrir fötluð börn. Af gögnum málsins verður ekki séð að sonur kæranda sé fatlaður í skilningi laga nr. 38/2018 og á hann því ekki rétt á þeirri þjónustu. Að því virtu er það niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála að staðfesta beri hina kærðu ákvörðun.“

